

Almennt

Ef fyrirtæki á samkvæmt raforkulögum að halda reikningum vegna mismunandi starfsemi sinnar aðskildum í bókhaldi skal gera sérstaka grein fyrir hverri starfsemi í ársreikningi. Sameiginlegum rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju. Sjá ennfremur 41. gr. raforkulaga.

Raforkuvinnsla

Heimilt er vinnslufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða vinnsluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Vinnslufyrirtæki skulu í bókhaldi sínu halda reikningum fyrir vinnslustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem bæði vinnur raforku og aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna vinnslu raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar vinnslu. Ennfremur er vísað til 7. gr. raforkulaga.

Flutningur raforku

Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Því er þó heimilt að reka raforkumarkað, enda haldi fyrirtækið reikningum vegna hans aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Flutningsfyrirtækið skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna kerfisstjórnunar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Sjá ennfremur 8. gr. raforkulaga.

Dreifing raforku

Stundi dreifiveita aðra starfsemi en raforkudreifingu skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna dreifingar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Reki sama dreifiveita dreifikerfi á fleiri en einu gjaldskrársvæði skal fyrirtækið halda aðskilda reikninga í bókhaldi sínu fyrir hvert svæði. Eigi dreifiveita flutningsvirki skal fyrirtækið í bókhaldi sínu aðskilja reikninga vegna þeirra frá bókhaldi vegna annarrar starfsemi. Óheimilt er dreifiveitu að niðurgreiða samkeppnisrekstur sem hún stundar af starfsemi vegna dreifingar eða annarri sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Sjá ennfremur 16. gr. raforkulaga.

Sölufyrirtæki

Heimilt er sölufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða söluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Fyrirtæki skulu í bókhaldi sínu halda reikningum vegna sölustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Sjá ennfremur 19. gr. raforkulaga.

Tilvísanir eru í raforkulög nr. 65/2003 með síðari breytingum.